

Samkaup kalla inn Coop poppmaís

Samkaup hefur innkallað eina framleiðslulotu af Coop poppmaís. Um er að ræða 500 gramma einingu sem merkt er með *best fyrir* dagsetningunni 22.10.2019. Ástæða innköllunar er möguleiki á skordýrum í umræddum pokum.

Viðskiptavinir eru hvattir til að skila vörunni í viðkomandi verslun, ef hún er merkt með umræddri dagsetningu, og fá þá endurgreitt. Hægt er að skila í verslanir, Nettó, Krambúðarinnar og Kjörbúðarinnar.